

Reglugerð um breytingu á reglugerð um almannaflyg flugvéla, nr. 694/2010 og reglugerð um almannaflyg þyrlna, nr. 695/2010.

I. KAFLI

Breyting á reglugerð um almannaflyg flugvéla, nr. 694/2010.

1. gr.

9. gr. orðast svo:

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 28. gr. e. og 145. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi að undanskilinni grein 6.4 í viðauka I við reglugerðina sem tekur gildi 1. janúar 2015. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 488/1997 um almannaflyg með síðari breytingum.

II. KAFLI

Breyting á reglugerð um almannaflyg þyrlna, nr. 695/2010.

2. gr.

9. gr. orðast svo:

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 28. gr. e. og 145. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi að undanskilinni grein 6.4 í viðauka I við reglugerðina sem tekur gildi 1. janúar 2015.

3. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 28. gr. e. og 145. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 122/2011 um breytingu á reglugerð um almannaflyg flugvéla, nr. 694/2010 og reglugerð um almannaflyg þyrlna, nr. 695/2010.

Innanríkisráðuneytinu, 19. desember 2012.

Ögmundur Jónasson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.